

Nd.

888. Nefndarálit

[301. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984, með síðari breytingum.

Frá 2. minni hl. félagsmálanefndar.

Öllum er ljóst að löggjöf um Húsnæðisstofnun ríkisins þarf heildarendurskoðunar við. Húsnæðiskerfið sinnir fráleitt því hlutverki sem því er ætlað og nauðsynlegt er.

Þegar breyting var gerð á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins — í kjölfar og raunar samfara lausn kjaradeilna á vinnumarkaðinum í febrúar 1986 — var það með þeim yfirlýsta fyrirvara þáverandi stjórnvalda að húsnæðiskerfið allt yrði tekið til gagngerrar endurskoðunar, einkum með tilliti til félagslegra íbúða, leiguíbúða, íbúða fyrir aldraða, öryrkja og námsmenn, og ekki síst með því að leysa sérstaklega vanda þeirra sem í greiðsluferfiðleikum lentu eftir 1980 og kerfið tók ekki til.

Þegar breyting var samþykkt á lögnum fyrr á þessu þingi voru þessi áform um heildarendurskoðun enn ítrekuð nánast af öllum sem um þá breytingu fjölluðu.

Í forsendum þess frumvarps var kveðið svo fast að orði, m.a. um nauðsyn heildarendurskoðunar, að segja: „Með hliðsjón af framansögðu er ljóst að grípa verður til áhrifaríkra aðgerða til að koma í veg fyrir gjaldþrot húsnæðiskerfisins.“

Polendur þessa ástands eru allir þeir sem reynt hafa nú seinustu árin að koma sér upp þaki yfir höfuðið. Biðraðirnar eru vísast lengstar hér á þenslsvæði höfuðborgarinnar. Landsbyggðin situr hnípin hjá, enda dæmd af stjórnvaldsaðgerðum til að vera í þessu efni sem öðru annars ef ekki þriðja flokks svæði.

Hvergi virðist örla á raunhæfum vilja til að ráðast að kjarna þess vanda sem hér er við að etja, þ.e. ranglæti lánskjaravísitölunnar samkvæmt lögum nr. 13/1979.

Jafnvel svo einfalt mál sem það er að hrinda af stað heildarendurskoðun á húsnæðislöggjöfinni virðist vefjast fyrir þeim sem hér fara með meirihlutavald.

Borgaraflokkurinn er eina stjórn málaaflið hér á Alþingi sem fyrr á þessu þingi hefur lagt fram mjög athyglisverðar tillögur um heildarlausn á húsnæðislöggjöf þjóðarinnar. Það hefur verið gert með flutningi málsins bæði hér í þessari deild sem og í efri deild.

Þetta hefur verið gert á þskj. 170 í efri deild og þskj. 222 hér í neðri deild, og enn fremur á þskj. 256 og þskj. 581 í efri deild.

Meginmarkmiðin í húsnæðistillögum Borgaraflokksins eru þrjú:

1. Að breyta hlutverki Húsnæðisstofnunar þannig að hún sæi um fjármögnun fyrstu íbúðar og félagslega þáttarins til frambúðar, en húsbanki um önnur húsnæðislán.
2. Að ná því jafnvægi á þessum lánamarkaði að biðraðir væru úr sögunni.
3. Að komast út úr ranglæti lánskjaravísitölunnar með vaxtaaðlögun.

Enda þótt aldrei verði nægileg áhersla lögð á þá meginstaðreynd að árangurs á þessu sviði verður vart að vænta fyrr en menn snúa sér að rótum meinsins — þá vilja fulltrúar Borgaraflokksins ekki leggja stein í götu þess frumvarps sem hér er sérstaklega til umfjöllunar.

Hugmyndin um kaupleiguíbúðir er góðra gjalda verð og ætti vissulega rétt á sér sem einn valkosta í heilbrigðu húsnæðislánakerfi er stæði undir nafni og þjónaði á eðlilegan hátt þörfum húsbyggjenda um allt land.

Alþingi, 25. apríl 1988.

Óli P. Guðbjartsson.